

33

27. júní

L Ö G

um

viðauka við lög nr. 22, frá 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 2. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Hlutfallskosningu skal viðhafa við kosningar nefnda, ef að minsta kosti
3 bæjarfulltrúar krefjast þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og getur bæjarstjórnin þá samþykkt að
láta fara fram að nýju kosningar í allar fastanefndir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson,